89 29. júlí. fardagaárið 1885—'86, en hafði jafnframt útibú sama fardagaár á eignarjörð sinni Gilsstöðum í Áshreppi, hafi fyrir nefnt fardagaár borið að greiða til sveitarinnar í hreppi þessum lausafjártíund af tíundarpeningi sínum þeim, er framfleyttist á Gilsstöðum, og tiltölulegt aukaútsvar.

Þjer hafið þegar áður með brjefi 26. ágúst f. á. svarað þessum fyrirspurnum hreppsnefndaroddvitans svo, að þar sem Magnús Steindórsson samkvæmt skýrslum þeim, sem fyrir lægju, hefði haft lögheimili sitt í Sveinsstaðahreppi hið umrædda fardagaár, þá hafi honum eigi borið að greiða aukaútsvar það ár til Ásshrepps og að það, að því er snertir spurninguna um lausafjártíundina, sje samkvæmt 12. gr. laga 12. júlí 1878, að Magnúsi hafi borið að greiða alla lausafjártíund sína til fátækra í Sveinsstaðahreppi þar sem hann hafi átt lögheimili, en 11. gr. nefndra laga eigi að eins við framtal penings í þeim hreppi, þar sem hann framfleytist.

Með því að jeg er yður samdóma um, að svara beri fyrirspurn hreppsnefndaroddvitans í Áshreppi á þann hátt, er að framan er greint, skal jeg biðja yður tjá það nefndum oddvita og það með, að mál þetta, eins og þjer einnig hafið þegar áður bent honum á, heyri eptir eðli sínu undir dómstólana.

90 29. júlí. **Brjef landshöfðingja** *til amtmannsins yfir norður og austuramtinu* **um beiðni þjóðjarðarlandseta um eptirgjaldslinun vegna skepnumissis.** — Með þóknanlegu brjefi dags. 27. þ. m. hafið þjer, herra amtmaður, sent hingað erindi frá ábúandanum á þjóðjörðinni Njálsstöðum í Húnavatnssýslu, Ólafi Ólafssyni, þar sem hann sækir um 60 álna lækkun á landsskuldargjaldi sínu af nefndri jörð fyrir umliðið og nýbyrjað fardagaár, sökum tjóns þess, sem hann hefur orðið fyrir á síðasta vetri og vori sakir skepnumissis.

Fyrir því undanfelli jeg ekki hjer með þjónustusamlega að tjá yður, herra amtmaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar að með því að mig brestur heimild til að veita slíka eptirgjaldslinun og þá, er hjer ræðir um, getur beiðni sú, er hjer liggur fyrir ekki orðið tekin til greina.

91 6. ágúst. **Brjef landshöfðingja** *til bæjarfógetans í Reykjavík* **um skilyrði fyrir greiðslu vitagjalds og afgreiðslugjalds af skipum.** — Í þóknanlegu brjefi, dags. 4. þ. m., hafið þjer, herra bæjarfógeti, spurzt fyrir um það, hvort gufuskipinu Bewick, er komið hafi hingað frá útlöndum og lagzt hjer fyrir utan eyjarnar hinn 1. þ. m., en sent þó menn hingað í land, hafi eigi borið að sýna hjer skjöl sín og greiða hjer vitagjald og afgreiðslugjald, enda þótt það eigi legðist á höfninni fyrir innan eyjarnar.

Fyrir því undanfelli jeg ekki hjer með þjónustusamlega að tjá yður, yður til þóknanlegrar leiðbeiningar, að samkvæmt lögum nr. 20, 10. okt. 1879 ber hverju skipi, að undanskildum herskipum og skemmtiskútum, er fer fram hjá Reykjanesi við Faxaflóa, að greiða vitagjald það, er lögin nákvæmar ákveða, á þeim stað, er það fyrst leitar hafnar á eptir að það hefur siglt fram hjá vitanum, og getur það í því tilfelli, sem hjer er um að ræða, ekki haft neina þýðingu, hvort skipið leggst á höfninni sjálfri eða rjett fyrir utan hana, úr því að það á annað borð hefur varpað akkerum og haft samgöngur við landsmenn.

Að því er þar á móti spurninguna um afgreiðslugjaldið snertir, ber ekki, sam-